

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 24.11. 2023. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8:15-9:30.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Harðardóttir, Sara Pálmadóttir, Bryndís Jónsdóttir (fjarverandi), Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted. Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir deildarstjóri sat fundinn að hluta.

Dagskrá:

1. Kynning frá SET teymi skólans

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir kynnti uppfærða ferla sem snúa að viðbrögðum og vinnuferli í samskipta- og eineltismálum. Helsta breytingin er að nú er lögð áhersla á að byrja á að gera samskiptaathugun milli nemenda áður en farið er að gera formlega tilkynningu um einelti. Ferillinn og beiðni um samskiptaathugun er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

2. Skólaþing á miðstigi

Guðbjörg Inga Guðmundsdóttir sagði frá skólaþingi á miðstigi sem haldið var í vinavíkunni í byrjun nóvember sl. Þingið tókst mjög vel og margar áhugaverðar ábendingar komu frá nemendum okkar. Helstu niðurstöður verða kynntar fyrir nemendum og starfsmönnum þegar búið er að taka þær saman.

3. Skólapúlsinn

Skólastjóri fór yfir niðurstöður nemendakönnunar í 2.-5. bekk. Skólinn kemur vel út úr þeim fjórum þáttum sem mældir eru. Helstu niðurstöður sýna að hvað varðar ánægju af lestri þá er skólinn á landsmeðaltali, hvað varðar ánægju með skólann þá er skólinn 0,1 undir landsmeðaltali (sem telst ekki mikill munur), hvað varðar vellíðan í skólanum þá er skólinn yfir landsmeðaltali og ánægja með matinn í skólanum er einnig yfir landsmeðaltali. Skólastjóri fór einnig yfir niðurstöður skólapúlsins í 6.-10. bekk. Aðeins eru tvær mælingar búnar af níu og því óráðlegt að lesa of mikið í þær niðurstöður að svo stöddu.

4. Mönnun og afleysingar

Nokkuð hefur verið um forföll og veikindi starfsmanna í vetur og erfiðlega hefur gengið að manna stöður af þeim sökum þrátt fyrir að auglýst hafi verið eftir fólki í afleysingar.

5. Fundur nemendaráðs og skólaráðs

Fundurinn var færður til 16. janúar kl. 15:00

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland